



Alþingi  
Erindi nr. P 138/2163  
komudagur 11.5.2010

Alþingi  
Samgöngunefnd  
Við Austurvöll  
150 Reykjavík

Kópavogi, 10.05.2010  
Tilv. 011  
HJ

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012, 582. mál.**

Siglingastofnun Íslands vísar til tölvupósts nefndasviðs Alþingis dags. 3. maí 2010, þar sem send er til umsagnar stofnunarinnar tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012, 582. mál.

Siglingastofnun gerir ekki athugasemdir við efni tillögunnar, en fulltrúar stofnunarinnar tóku þátt í samningu hennar auk þess sem siglingamálastjóri situr í samgönguráði, sem hefur yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar, sbr. 3. gr. laga nr. 33/2008 um samgönguáætlun. Siglingamálakafli tillögunnar er að stærstum hluta í samræmi við drög sem samgönguráð skilaði af sér til samgönguráðherra í mars á þessu ári.

Sérstakar aðstæður síðustu tvö árin urðu til þess að gerð áætlunarinnar tók lengri tíma en venjulega og lokaútgáfa var mikið breytt frá fyrstu drögum. Siglingastofnun hóf undirbúning vinnunnar í janúar 2008 með því að kalla eftir óskum frá sveitarstjórnnum um næstu áfanga í hafnargerð og sjóvörnum. Fullbúnum drögum að áætlun var skilað til ráðuneytis í lok ágúst 2008. Vegna efnahagshrunsins haustið 2008 varð ekki af því að tillagan væri lögð fram á Alþingi þá um haustið. Árið 2009 var unnið samkvæmt gildandi áætlun 2007 – 2010 eftir því sem fjármunir leyfðu. Endanleg tillaga ber þess skýr merki, að nú er minna fjármagn til ráðstöfunar en áður, og hvað framkvæmdir varðar er því fyrst og fremst gerð tillaga um að ljúka þeim verkefnum, sem komin voru inn á áætlun 2007 – 2010.


Siglingastofnun vill nota tækifærið til að benda á nokkur atriði í siglingamálakafli tillögunnar. Í töflu 3-1, Hafnarmannvirki, heildarfjárveitingar, kemur fram að þörf er á 150,5 m.kr. fjárveitingu á fjárukalögum árið 2010 til að unnt sé að taka Landeyjahöfn í notkun í ár. Þetta eru ekki nýjar upplýsingar því að í gildandi samgönguáætlun, sem samþykkt var á Alþingi þann 17. mars 2007, var áætlaður kostnaður við Landeyjahöfn (Höfn í Bakkafjöru) 3.300 milljónir króna á verðlagi fjárlaga 2007. Þrátt fyrir miklar verðlagshækkningar frá árinu 2007 stefnir i að heildarkostnaður verði einungis um 3.400 milljónir króna. Framkvæmdahraði hefur verið í samræmi við upphaflega áætlun en fjárveitingar ekki og því er þörf á aukafjárveitingu.

Hvað varðar rekstrarútgjöld Siglingastofnunar þá gert er ráð fyrir 10% niðurskurði milli ára 2010 og 2011. Ljóst er að þessu verður ekki náð með flötum niðurskurði og því er gerð tillaga í töflu 3.1 Fjármál (bls. 6), um að seglin verði rifuð í eftirtöldum verkefnum: Hafnamál, Hafnir, líkantilaunir og grunnkort, Rannsóknir og þróun, Áætlun um öryggi sjófarenda og Minjavernd og saga. Samdráttur í rekstri Siglingastofnunar verður þó enn meiri en nemur framlögum til rekstrar úr ríkissjóði því mikill samdráttur í hafnarframkvæmdum mun draga mjög úr sértekjum stofnunarinnar (þjónustuverkefni). **Siglingastofnun skorast ekki undan ábyrgð á því að takast á við niðurskurð í rekstri og telur að með framangreindum tillögum megi nást að halda uppi lögbundnu eftirliti og þjónustu.**

Vaktstöð siglinga er sérstakt viðfangsefni á fjárlagalið Siglingastofnunar. Tillögur ráðuneyta fjármála og samgangna gera einnig ráð fyrir 10% niðurskurði þar á frá árinu 2010 til ársins 2011. Í framhaldi af niðurskurðarkröfu á fjárlögum 2010 gerði Siglingastofnun nýjan samning við Neyðarlínuna ohf. þann 8. janúar 2010 um rekstur vaktstöðvarinnar. Samningurinn er til 10 ára og er staðfestur af fjármála- og samgönguráðuneyti. Stór hluti samningsupphæðarinnar fer í að greiða niður lán vegna endurnýjunar á fjarskiptabúnaði strandarstöðva, sem fór fram árið 2008. Umræddum niðurskurði verður ekki náð nema Neyðarlínan ohf. fallist enn á ný á að taka upp samninginn og þá fylgir væntanlega skerðing á þjónustu vaktstöðvarinnar.

Virðingarfyllt,

F.h. Siglingastofnunar Íslands,

  
Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri